

- Brimvarnargarður færirst til norðurs og fallið er frá vegtengingu yfir Njarðvík.
- Mislæg gatnamót við Reykjanesbraut eru færð austar.
- Breytingar eru gerðar á gatnakerfi svæðisins.
- Íbúðarsvæði er stækkað til austurs.
- Breytingar eru gerðar á afmörkun flestra landnotkunarreita á skipulagssvæðinu.
- Gert er ráð fyrir tengdri mannvirkjagerð á opnum svæðum til sérstakra nota merktum Ú17 og Ú18.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag starfsmannaþorps Fjarðaáls á Haga í Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 19. maí 2004 samþykkt deiliskipulag starfsmannaþorps Fjarðaáls á Haga í Reyðarfirði. Breytingin nær til svæðis um 13 ha beggja vegna gamla þjóðveggarins á Haganum í Teigagerðislandi. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 21. maí 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.